

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 32/2016

2017/EES/45/32

frá 5. febrúar 2016

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/895/ESB frá 10. desember 2014 um að ákvarða sniðið til að miðla upplýsingunum sem um getur í 3. mgr. 21 gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. desember 2014 um að ákvarða sniðið til að miðla upplýsingum frá aðildarríkjunum um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna ⁽²⁾.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka XX. við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Í stað texta liðar 23aa (felldur brott) kemur eftirfarandi:

„**32014 D 0896:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/896/ESB frá 10. desember 2014 um að ákvarða sniðið til að miðla upplýsingum frá aðildarríkjunum um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna (Stjútíð. ESB L 355, 12.12.2014, bls. 55).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 23c (fellur brott):

„23d. **32014 D 0895:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/895/ESB frá 10. desember 2014 um að ákvarða sniðið til að miðla upplýsingunum sem um getur í 3. mgr. 21 gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna (Stjútíð. ESB, L 355, 12.12.2014, bls. 51).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdartilskipunar 2014/895/ESB og 2014/896/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 193/2015 frá 10. júlí 2015 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 355, 12.12.2014, bls. 51.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 355, 12.12.2014, bls. 55.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 8, 12.1.2017, bls. 29, EES-viðbætur nr. 3, 12.1.2017, bls. 25.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.